

**Sp. 367. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]**  
um öflun skeljasands til áburðar.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvar hagkvæmt sé að vinna skeljasand til kölkunar túna, og gera síðan ráðstafanir til þess að auðvelda öflun hans.

#### Greinargerð.

Um árabíl hafa Íslendingar notað kalksnauðan tilbúinn áburð í ríkjum mæli. Kunnugt er, að sjá þarf ræktunarlöndum fyrir nægu kalki, og með rannsóknnum og tilraunastarfsemi má fara nærri um kalkþörfina á hverjum stað.

Þó að íslenski skeljasandurinn sé kalkríkur, þá þarf samt það mikið magn af honum, að flutningur frá þeirri sandvinnslu, sem nú fer fram á Akranesi, er mjög kostnaðarsamur.

Vitað er, að skeljasandur finnst víðar við land, t. d. við suðausturströndina nálægt Djúpavogi. Er nauðsynlegt að kanna, hvar og með hverjum hætti væri heppilegt að vinna skeljasand til áburðar, og gera síðan ráðstafanir til að afla hans. Væri að því augljóst hagræði, ef takast mætti með viðráðanlegum kostnaði að dæla upp og landsetja skeljasand norðanlands og austan, því að þeir landshlutar eiga lengsta sókn að sandnáminu við Faxaflóa.

Eftir endurbyggingu Áburðarverksmiðju ríkisins verður hægt að framleiða kalkblandaðan áburð í Gufunesi. En hvort tveggja er, að kalkblandaður áburður nægir ekki, þar sem kalkskortur er orðinn mikill, og fróðir menn telja þrátt fyrir allt ódýrara að kalka með skeljasandi, ef takast mætti að afla hans með hóflegum tilkostnaði og um leið að komast hjá óhæfilega dýrum flutningum.

Virðist tvímælalaust tímabært að hefjast handa um þær aðgerðir, sem tillaga þessi fjallar um.